

Ed.

324. Breytingartillaga

við frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosning í nefndina, kosningarrjett, kjörgengi, kjörtímabil o. s. frv. fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.